



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 5. fundur stjórnar KLÍ, 2012-2013

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Miðvikudagur 28.08.2012 kl. 18:30

Þátttakendur: Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMÞ) formaður
Höskuldur Höskuldsson (HH)
Ólafur Páll Vignisson (ÓPV)
Heiðar Rafn Sverrisson (HRS)
Ingi Geir Sveinsson (IGS)
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) varamaður
Karenina Kristín Chiodo (KKC) varamaður
Sigurbjörn St. Vilhjálmsson (SSV) starfsmaður KLÍ

Boðuð forföll: Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður

Fjarverandi:

Fundarritari: HRS

Helstu mál: Reglur sem vísað var til stjórnar, Dagskrá vetrarins, Formannafundur, önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Reglur sem vísað var til stjórnar:

ÞMÞ lagði fram tillögu dómara nefndar um breytingar á 5. grein reglugerðar fyrir dómara, ásamt nokkrum punktum frá dómara nefnd um framkvæmd dómarskyldu og stjórn samþykkti að leggja þessa tillögu óbreytta fyrir formannafund. ÞMÞ kynnti einnig fyrirhuguð dómara námskeið sem Þórir Ingvarsson og Reynir Þorsteinsson koma til með að halda í vikum 36 og 37.

Farið var yfir þingskjal nr. 3, sem vísað var til stjórnar á síðasta þingi og snýr að breytingu á 12. grein reglugerðar fyrir Aganefnd. Stjórn ákvað að fresta umfjöllun um þetta þingskjal og taka það fyrir síðar.

Þingskjal nr. 4, breyting á grein 4 í reglugerð fyrir dómara. Stjórn frestar umfjöllun um þetta þingskjal þar til síðar og ætlar ÓPV að skoða fordæmi hjá öðrum sérsamböndum.

Þingskjal nr. 5, breyting á grein 4 í reglugerð um félagagögn og/eða liðaskipti. Stjórn frestar umfjöllun um þetta þingskjal og ætlar ÓPV að fordæmi hjá öðrum sérsamböndum.

2. Dagskrá vetrarins:

Farið yfir dagskrá vetrarins. Fram kom að dagskráin verður með svipuðu sniði og síðasta vetur að því undanskildu að nú er leikið í tveimur húsum í Reykjavík. Rætt var um fyrirkomulag á skilum mótsgagna og ákveðið að mótstjóri/dómari sjái um að koma upplýsingum um úrslit móta sem fyrst eftir mót til starfsmanns KLÍ, en skýrslum um mót verða skilin eftir í hófli KLÍ sem koma þarf fyrir í sölum Keiluhallarinnar. Á Akranesi og Akureyri verður notast við sama fyrirkomulag og síðasta vetur.

3. Formannafundur:

Ákveðið var að halda formannafund þriðjudaginn 11. september n.k.

4. Önnur mál:

ÞMP tók upp umræðu um agabrot sem enn er óútkljáð í aganefnd og ætlar ÓPV að sjá til þess að aganefnd klári málið.

HH spurði um kúluvigtina sem pöntuð var á síðasta ári og upplýsti ÞMP að hann hafi haft samband við Þórir Ingvarsson, sem sá um að panta vigtina, og ætlar Þórir að ýta á eftir söluaðilanum.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 20:00. Næsti fundur verður 19.sept. á sama stað.